

Útgefandi

Læknafélag Íslands
Læknafélag Reykjavíkur

Ritstjórn

Magnús Gottfreðsson,
ritstjóri og ábyrgðarmaður
Elsa B. Valsdóttir
Gerður Gröndal
Hannes Hrafnkelsson
Magnús Haraldsson
Sigurbergur Kárason
Þórdís Jóna Hrafnkelsdóttir

Tölfræðilegur ráðgjafi

Thor Aspelund

Ritstjórnarfulltrúi

Védís Skarphéðinsdóttir
vedis@lis.is

Blaðamaður

Hávar Sigurjónsson (í leyfi)
havar@lis.is
Próstur Haraldsson

Auglýsingastjóri og ritari

Esther Ingólfssdóttir
esther@lis.is

Umbrót

Sævar Guðbjörnsson
saevar@lis.is

Upplag

1900

Prentun, bókband

og pökkun
Prenttækni ehf.
Vesturvör 11
200 Kópavogi

Áskrift

14.900,- m. vsk.
Lausasala
1490,- m. vsk.

© Læknablaðið

Læknablaðið áskilur sér rétt til að birta og geyma efni blaðsins á rafrænu formi, svo sem á netinu. Blað þetta má eigi afrita með neinum hætti, hvorki að hluta né í heild, án leyfis.

Fræðigreinar Læknablaðsins eru skráðar (höfundar, greinarheiti og útdráttir) í eftirtalda gagnagrunna: Medline (National Library of Medicine), Science Citation Index (SciSearch), Journal Citation Reports/Science Edition, Scopus og Hirslna, gagnagrunn Landspítala.

The scientific contents of the Icelandic Medical Journal are indexed and abstracted in Medline (National Library of Medicine), Science Citation Index (SciSearch), Journal Citation Reports/Science Edition and Scopus.

ISSN: 0023-7213

Nýr kjarasamningur lækna samþykktur

Þann 6. júní síðastliðinn var undirritaður nýr kjarasamningur milli Læknafélags Íslands og fjármála- og efnahagsráðherra. Samningurinn var lagður fram til atkvæðagreiðslu meðal þeirra lækna sem starfa samkvæmt honum og lauk henni mánudaginn 19. júní. Samningurinn var samþykktur með 65% atkvæða.

Alls voru á kjörskrá 926 lækna en af þeim tóku 524 þátt í atkvæðagreiðslunni, eða 56,6%. Af þeim sögðu já 341, eða 65,1%. Nei sögðu 164, eða 31,3%. 19 skiluðu auðu, eða 3,63%.

Kjarasamningurinn verður birtur á heimasíðu Læknafélags Íslands en launahækkanir samkvæmt honum gilda frá 1. maí síðastliðnum og verða greiddar með júnílaunum þann 1. júlí. Gildir það um 5% hækkun hjá almennum læknum, 2% hækkun hjá sérfræðingum og yfirlæknum, auk þess sem grunnlaun kandidate hækka í 470.000 krónur á mánuði.

DH

Dagskrá Læknagölsins

Framundan eru tvö golfmót á vegum Læknagölsins og að auki einvígi við lögmenn og tannlækna. Eftir síðasta mótið í Garðabænum 18. ágúst verður útnefndur „punktameistari“ golfsumarsins 2017. Þann heiður (farandbikar) hlýtur sá keppandi sem flesta punkta fær samtals úr mótum sumarsins. Þrjú bestu mótin telja. Skráið ykkur sem fyrst á golf.is



Dags	Staðsetning	Fyrirkomulag	Styrktaraðili
19. júlí	Brautarholtsvöllur Kjalarnesi	Punktar með og án forgjafar. Rástímar frá 13:30. Bókun á golf.is undir mótaskrá	Fastus
18. ágúst	Leirdalur Garðabæ (GKG)	Punktar með og án forgjafar. Rástímar frá 13:30. Bókun á golf.is undir mótaskrá	Lyfja
27. ágúst	Oddur Urriðaholti (Heiðmörk)	Einvígi við lögmenn. Holukeppni með forgjöf. Ræst út á öllum teigum kl. 08:30	
3. sept.	Nesvöllur Seltjarnarnesi	Einvígi við tannlækna. Holukeppni með forgjöf. Ræst út á öllum teigum kl. 08:30	Lyf & Heilsa

LISTAMAÐUR MÁNAÐARINS

Arnar Ásgeirsson er fæddur árið 1982 og lauk framhaldsnámi í myndlist frá Gerrit Rietveld Akadéminni í Amsterdam árið 2009. Verk Arnars á forsiðu er hluti af viðamikilli röð teikninga sem hann silkiprykkir í takmörkuðu upplagi. Yfirskrift þeirra er *Transmutants and Emotional Curves*, 2017.

Listamaðurinn lýsir þessum 72 teikningum sem ólíkum tilfinningaflækjum, verkefni sem byrjaði smátt en vatt upp á sig. Fyrirhuguð er útgáfa bókar með myndunum og stuttum textum sem eiga við hvert verk. Teikningarnar eiga það sameiginlegt að sækja í myndmál gróðurs og náttúru og þannig kallast þær á við kunnuglegar allegóriur um undirmeðvitund og sálarlíf.

Þar mætti nefna hugmyndir föður greiningarsálfræðinnar, Carls Gustavs Jungs, um vísun til skógarins þegar rætt er um tilfinningar. Arnar hefur fengist við áþekkar grafískar teikningar með sínum einkennandi stíl, línuteikningu og skyggingu sem minnir

á myndmál teiknimyndasöguhöfunda. Verkin eru ýmist fígúratíf eða hálfabstrakt eins og jurtavafningarnir sem hér um ræðir. Önnur verk Arnars eru af ólíkum toga og útfærð í ýmsa miðla, meðal annars skúlptúrar og vídeó.

Þar er listamaðurinn líka á andlegum og tilfinningalegum nótum, til dæmis þar sem hann styðst við dáleiðslu og tekst á við spurningar um lífshamingju. Loks ber að nefna áhuga Arnars á verkum annarra listamanna en hann hefur gjarnan vísað í höfundarverk annarra þar sem hann veltir upp spurningum um uppruna hugmynda, gildi frumsköpunar og hins einstaka listaverks. Þá vekja verk hans vangaveltur um eðli, hlutverk og vægi listsköpunar og listnautnar. Þær þælingar

setur hann fram á sýningu undir heitinu *Happy People* sem hann stýrir og stendur út júlímánuð í Nýlistasafninu í Marshallhúsinu við Reykjavíkurböfn.

Markús Þór Andrésson

